Reykjavík, 29. ágúst 2025
MSS25080086

**Tillaga um mál á dagskrá frá fulltrúa Framsóknarflokksins í mannréttindaráði**

Lagt er til að mannréttindaráð óski eftir kynningu á fund ráðsins á aðgengi í bílastæðahúsum og stefnu borgarinnar um bílastæði fyrir hreyfihamlaða í mannréttindaráði.

Greinargerð:
Lagt fram í kjölfar ábendinga frá málefnahópi ÖBÍ réttindasamtaka sem benda á að skipulag Veðurstofureitsins, eins og það liggur fyrir í drögum, uppfylli ekki lágmarkskröfur um aðgengi og brjóti ítrekað gegn réttindum fatlaðs fólks samkvæmt landslögum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands. Mikilvægt er að tryggja að bílastæði í borgarlandinu séu aðgengileg, hvort sem þau eru í bílastæðahúsum eða við íbúagötur. Sérstaklega þarf að gæta þess að bílastæði fyrir hreyfihamlaða séu staðsett á hentugum og aðgengilegum stöðum

Reykjavík